

STJÓRNARTÍÐINDI B 99 – 2001

Nr. 691

1916

10. september 2001

REGLUR

um árshlutauppgjör lánastofnana.

1. gr.

Reglur þessar taka til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, enda sé niðurstöðutala efnahagsreiknings hlutaðeigandi stofnunar yfir 2.000 m.kr. í upphafi árs.

2. gr.

Stofnanir sem um ræðir í 1. gr. skulu semja árshlutauppgjör miðað við 30. júní ár hvert. Árshlutauppgjör skal jafnframt samið fyrir samstæðu móðurfélags og dótturfélaga.

Árshlutauppgjör skal hafa að geyma rekstrar- og efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Ákvæði reglna um ársreikninga lánastofnana gilda um árshlutauppgjör, eftir því sem við getur átt varðandi innihald, framsetningu og skýringar og mat á efnahagsliðum. Í skýringum skal sérstaklega veita upplýsingar um einstaka gjalda- og tekjuliði sem kynnu að gefa villandi mynd af afkomu viðkomandi tímabils. Afskriftaþörf útlána skal byggð á sjálfstæðu mati með sambærilegum hætti og gert er við ársuppgjör.

Í árshlutauppgjöri skal sýna samanburðartölur miðað við sama tímabil fyrra árs.

3. gr.

Árshlutauppgjör skal liggja fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir uppgjörsdag, áritað af stjórn og framkvæmdastjóra/-stjórum hlutaðeigandi stofnunar. Hafi uppgjörið verið endurskoðað eða kannað skal það jafnframt áritað af endurskoðanda stofnunarinnar.

Áritað árshlutauppgjör skal sent Fjármálaeftirlitinu jafnskjótt og það liggur fyrir. Það skal jafnframt liggja frammi á starfsstöð hlutaðeigandi stofnunar og afhent viðskiptaaðilum sem þess óska.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 65. gr. og 6. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996 og 11. gr. laga nr. 123/1993 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um árshlutauppgjör viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana nr. 341 frá 21. júní 1996.

Fjármálaeftirlitinu, 10. september 2001.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.